



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2020

# TRÉSISXVA05

Trésmíði  
Kennsluáætlun

<b>Kennari:</b>	<b>Lárus Gestsson</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>LG</b>
-----------------	-----------------------	---------------	-----------

## Áfangalýsing:

### Markmið áfangans er að nemendur:

- Fræðist um tré og eiginleika þess sem smíðaefnis
- Kynnist nýtingu efnis beint úr skóginum til smíði nytjahluta
- Hljóti þjálfun í beitingu handverkfæra
- Fá tilfinningu fyrir eigin getu
- Fá innsýn í notkun á algengustu trésmíðavélum og tækjum
- Tileinki sér öll þau öryggisatriði sem brýnust eru í smíðastofunni
- Fræðist um algengustu samsetningar í trésmíði
- Kynnist öðrum efnum sem notuð eru til smíða, viðhalds og viðgerða (límum, olíum, fúavarnarefnum, lökkum o.fl.)
- Tileinki sér virðingu fyrir umhverfi sínu og þeim sem unnið er með

### Verkefni

- Verkefni geta að hluta til verið bundin, en að öðru leiti frjáls innan þeirra marka sem kennari leiðbeinir með. Ekki er hægt að ákveða fyrir fram hvernig þessu er háttáð, það ræðst eftir fyrstu tímuna á hverri önn hvernig þessu verður best háttáð.
- Nemendur greiða efnisgjald, **kr. 7.000,-** fyrir áætlað efni sem notað er í verkefnin, sé um umframefni að ræða borgast það sérstaklega. Greiða skal á skrifstofu skólans sem allra fyrst og eigi síðar en 15. febrúar.

### Verkefnaskil

- Sett eru tímamörk á einstök verkefni sé ástæða til, en annars er farið eftir getu hvers og eins.

### Námsmat

- Ástundun, áhugi og virðing fyrir umhverfinu og þeim sem unnið er með eru metin jafnóðum (símat - einkunn gefin þrisvar yfir önnina) smíðamunir eru metnir að smíði lokinni. Verkefni sem hver og einn vinnur yfir önnina eru skráð á Innu og einkunn fyrir þau gefin þar.
- Mætingareglur skólans gilda um lágmarks tímasókn.

### Námsefni-hugmyndir:

Bækur, ljósrit, efni hjá kennara, hugmyndir nemenda, Pinterest o.fl.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

